

29.11. 2014

Ingvar Sigurgeirsson:

Minnisblað um skólamál í Bláskógabyggð

Með samningi sem gerður var 16. apríl 2014, tók starfsmaður Skólastofunnar slf, Ingvar Sigurgeirsson (hér eftir nefndur ráðgjafi) að sér að kynna sér aðstæður í skólunum í Bláskólabyggð og leggja mat á hugmyndir um framtíðarskipan skólamála. Ákveðið var að ráðgjafi kynnti sér fyrirbyggjandi gögn og ætti viðtöl við stjórnendur og fulltrúa sveitarfélagsins og héldi fundi með starfsfólki skólanna og íbúum í sveitarfélaginu þar sem könnuð yrðu viðhorf til núverandi skipanar skólamála og afstaða til hugsanlegra breytinga.

Árið 2003 voru Reykholtsskóli og Grunnskólinn á Laugarvatni sameinaðir í Bláskógaskóla og 2012 var ákveðið að ráðast í að sameina leikskólann og grunnskólann á Laugarvatni. Markmið þessara sameininga voru bæði fagleg og fjáhgleg. Áhöld voru uppi um árangur og var því ákveðið að ráðast í þessa athugun.

Ráðgjafi skilaði álitserð til sveitarfélagsins 18. maí og var það mat hans að sameining leik- og grunnskóla á Laugarvatni hefði ekki tekist sem skyldi, m.a. vegna viðvarandi stjórnunar- og samskiptavanda sem bitnaði á faglegu starfi. Þá tókst ekki að greina ávinning af sameiningu grunnskólanna fyrir nemendur þó augljós ávinningur væri af því að hafa nemendur í 8.–10. bekk saman í Reykholti, en mat ráðggjafa var að það tengdist ekki sameiningu skólanna sérstaklega.

Í álitserðinni var gerð grein fyrir átta mismunandi kostum sem sveitarfélagið ætti varðandi þróun skólastarfsins:

1. Óbreytt skólaskipan en breytt fyrirkomulag stjórnunar og aukin samkennsla á unglíngastigi (og hugsanlega síðar einnig á miðstigi).
2. Þrjú skólar verði reknir í sveitarfélaginu: Leikskólinn Álfaborg, Reykholtsskóli (grunnskóli) og Laugarvatnsskóli (leik- og grunnskóli).
3. Leitað verði samstarfs við Hrunamenn um rekstur leikskóla.
4. Sveitarfélagið reki tvo skóla, annars vegar leikskóla og hins vegar grunnskóla. Báðir skólar verði reknir á tveimur starfsstöðvum.
5. Reknir verði tveir hliðstæðir leik- og grunnskólar, annar á Laugarvatni og hinn í Reykholti.
6. Leitað verði samstarfs við Hrunamenn um kennslu á unglíngastigi.
7. Leitað verði samstarfs við önnur sveitarfélög í Uppsveitum um kennslu á unglíngastigi.
8. Rekinn verði einn grunnskóli (á einum stað) og tveir leikskólar, annar í Reykholti og hinn á Laugarvatni.

Niðurstaða skýrslunnar var að líklegast væri annar kosturinn vænlegastur fyrir sveitarfélagið, þ.e. að þrír skólar yrðu reknir í sveitarfélaginu: Leikskólinn Álfaborg, Reykholtsskóli (grunnskóli) og Laugarvatnsskóli (leik- og grunnskóli).

Álitsgerðin var lögð fram á fundi sveitarstjórnar 12. júní 2014. Þar sem sveitarstjórnarkosningar voru þá nýafstaðnar og stutt í næsta fund nýkjörinnar stjórnar var samþykkt að vísa málinu til nýkjörinnar sveitarstjórnar. Ný sveitarstjórn ákvað á fundi sínum 16. júní að skipa starfshóp til að vinna tillögu að framtíðarskipan skólamála í Bláskógabyggð. Í vinnuhópinn voru skipaðir Helgi Kjartansson, Bryndís Böðvarsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson og Valtýr Valtýsson. Einnig var ályktað að haft yrði samráð við Ingvar Sigurgeirsson og aðra þá fagaðila sem vinnuhópurinn teldi að þörf yrði á að koma að málum.

Vinnuhópurinn ákvað að fela ráðgjafa að heimsækja skólana og ræða við starfsfólk um mat þeirra á þróun skólastarfsins og kanna afstöðu þeirra til þeirra kosta sem reifaðir höfðu verið í álitsgerðinni.

Ráðgjafi hélt fundi með stjórnendum, starfsfólki og nemendum á unglíngastigi í október og nóvember og er niðurstaðan hans þessi:

- Starfsandi hefur batnað og margvíslegar ráðstafanir gerðar til að reyna að koma í veg fyrir að samskipta- og stjórnunarvandamál bitni á skólastarfinu. Þrátt fyrir umtalsverðan árangur er vandinn engu að síður undirliggjandi og áriðandi að taka á honum með afgerandi hætti.
- Veruleg samstaða er um að ráðist verði í að breyta skólaskipan með þeim hætti að þrír skólar verði reknir í sveitarfélaginu: Leikskólinn Álfaborg, Reykholtsskóli (grunnskóli) og Laugarvatnsskóli (leik- og grunnskóli). Sameining grunnskólanna hefur að mati viðmælenda ekki skilað tilætluðum árangri, hvorki faglegum, né fjárhagslegum, auk þess sem þessi skipan hefur leitt til ómarkvissari stjórnunar. Vænlegra sýnist að efla tvo skóla og má benda á að ákveðinn auður felist í því fyrir sveitarfélagið að eiga tvo sjálfstæða og ólíka skóla.
- Áriðandi er að reyna að tryggja, svo sem kostur er, að fagleg stjórnun sameinaðs leik- og grunnskóla á Laugarvatni verði öflug og markviss á báðum skólastigum. Þetta verður best gert með því að ráða skólastjórnanda sem er faglega jafnvígur á báðum stigum eða að skipta stjórnunarþættinum milli tveggja stjórnenda í samræmi við fjölda nemenda á hvoru stigi.
- Sú breyting var gerð á þessu skólaári að auka sameiginlega kennslu á unglíngastigi. Þetta hefur gefið góða raun og er mælt er með því að þetta samstarf verði enn aukið. Flest rök hníga að því að kennsla á unglíngastigi verði sameinuð.

Rétt er að halda því til haga að þeir nemendur sem við var rætt gefa kennurum og náminu mjög góðan vitnisburð og virðist þar enginn undan skilinn. Þá lýstu þau mikilli ánægju með valgreinar sínar. Kosta þarf kapps um að breytingar á skólaskipan bitni ekki á góðu faglegu starfi, heldur styrki það og stuðli að þróun þess. Einnig er minnt á að aðstaða til smíðakennslu í skólanum er ófullnægjandi með öllu og brýnt að bæta þar úr. Þá voru nemendur í Reykholti óánægðir með mötuneyti.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að sem fyrst verði ráðist í nauðsynlegar breytingar.